

A 1894/velfærd

Flytjandi	Norræna velferðarnefndin
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin

Nefndartillaga um stafrænt ofbeldi og hótanir**Tillaga að ályktun**

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að samin verði samnorræn stefna um að sporna við stafrænu ofbeldi og hótunum.

Samantekt

Nefndin ákvað í starfsáætlun ársins 2021 að fjalla um stafrænt ofbeldi og hótanir.

Á Norðurlöndum fer fram pólitísk umræða um hvernig hótanir og hatur á netinu getur valdið þöggun í stafrænu opinberu rými. Ofbeldi og hótanir á netinu eru orðnar hluti af stafrænum veruleika margs fólks. Fyrirbærið er útbreitt og ógnar lýðræðinu, réttarstöðu og jafnrétti.

Nefndin bauð sérfræðingum á fund sinn 13. apríl 2021 til að varpa ljósi á stafrænt ofbeldi og hótanir: Á fundinn mættu:

- Jenny Pentler, NIKK (Norrænni upplýsingamiðstöð um kynjafræði)
- Christian Mogensen, CfDP (Center for Digital Pædagogik)
- Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, NORDREF (Nordic Digital Rights and Equality Foundation)

Að fundi loknum fól nefndin skrifstofunni að semja drög að nefndartillögu um stafrænt ofbeldi og hótanir.



Bakgrunnur

Nefndin ákvað í starfsáætlun ársins 2021 að fjalla um stafrænt ofbeldi og hótanir. Þetta er í samræmi við eftirfarandi orðalag í starfsáætluninni:

Lýðræðisleg umræða hefur færst yfir á netið (í enn meiri mæli í heimsfaraldrinum), og er tjáningarfrelsi kvenna og minnihlutahópa vegna kyns eða uppruna ógnað, þegar þessir hópar taka til máls í opinberri umræðu, með hótunum, áreitni og niðurlægingu. Þetta aftrar mörgum konum og minnihlutahópum frá að taka þátt í opinberri umræðu og þrengir að grundvallarrétti þeirra til lýðræðis. Afleiðingarnar eru þær að lýðræðið veikist og mikilvægum röddum er meinuð þátttaka í samfélagsumræðunni.

Hér vill nefndin einnig fjalla um áreitni á netinu, niðurlægjandi málfar, hótanir um ofbeldi, nauðganir og morð ásamt dreifingu myndefnis eða annars ógnandi efnis án leyfis, þá aðallega kvenna.

Ólögleg dreifing myndefnis

Stór hluti stafræns ofbeldis felst í ólöglegri dreifingu myndefnis, þá er átt við nektar- eða kynlífsmyndir sem dreift er án samþykkis viðkomandi. Engar fullnægjandi tölur eru fyrir hendi um umfangið, en ýmislegt bendir til þess að brotunum fjölgi. Í hverjum bekk í dönskum framhaldsskólum er nemandi sem hefur orðið fyrir því á undanfögnu ári að nektar- eða kynlífsmyndum af honum hafi verið dreift án hans samþykkis.¹

Þegar fyrstu málin um ólöglega dreifingu myndefnis komust í há mæli fyrir u.þ.b. sjö árum var talað um *hefnarklám*, einkum eftir lok ástarsambanda þegar forsmáði aðilinn vildi ná sér niður á hinum. Hugtakið *hefnarklám* er hins vegar ekki fullnægjandi því ólögleg dreifing myndefnis snýst ekki alltaf um klám eða hefndarhug. Nú er frekar talað um stafrænt ofbeldi, en sá vandi er er mun umfangsmeiri og blæbrigðaríkari auk þess sem hann tíðkast í öllum aldurs- og samfélagshópum. Stafrænt ofbeldi er breitt svið, það geta verið kynlífsmyndbönd sem tekin eru upp á laun eða nektarmyndir sem stolið er úr einkatölvum og þeim dreift í möppum eða á klámsíðum um allan heim.

Þá má nefna falskar notendasíður á samfélagsmiðlum sem stofnaðar eru til að gera fólk berskjaldra eða skaða það, það getur einnig verið svonefnt djúpfalsað klám þar sem andlit fólks eru sett á nakta líkama ókunnugra og myndgæðin eru mjög sannfærandi. Margir þolendur finna fyrir alvarlegum andlegum afleiðingum, til að mynda kvíða, þunglyndi og áfallastreituröskun, þegar nektarmyndir af þeim rata á óendanlegt netið.

Rannsóknir

Rannsókn **Mannréttindastofnunarinnar** í Danmörku frá árinu 2019 sýndi að „tónninn“ hefur fælandi áhrif á þátttöku og áhuga almennings á lýðræðisumræðu á Facebook. Þetta kemur fram þegar 59% aðspurðra segja tóninn aftra þeim frá því að tjá skoðanir

¹ https://www.sdu.dk/da/sif/rapporter/2019/ung19_trivsel_og_sundhed_paa_gymnasielle_uddannelser



síнар. Rannsóknin sýndi einnig að konur eru líklegri en karlar til að halda sig til hlés og að karlar um fimmtugt og eldri eru í meirihluta þeirra sem taka til máls á Facebook.

Demokratisk deltagelse på Facebook, Institut for Menneskerettigheder:
https://menneskeret.dk/sites/menneskeret.dk/files/04_april_19/Rapport%20om%20demokratisk%20deltagelse.pdf).

Alþjóðþingmannasambandið (IPU) og Þing Evrópuráðsins (PACE) gáfu út skýrslu árið 2018 sem sýnir að mismunun á grundvelli kynferðis, kynferðisleg áreitni og ofbeldi gegn konum sé verulegt áhyggjuefni á þjóðþingum.

Rannsóknin sýnir einnig að stafrænar hótanir gegn konum eru mjög algengar á þjóðþingum Evrópulanda. Rætt var við 123 konur frá 45 Evrópulöndum, 81 þingkona og 42 þingstarfsmenn. Skýrslan sýndi að:

- 46,9% höfðu fengið morð- eða nauðgunarhótanir;
- 58,2% höfðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni á samfélagsmiðlum.

<https://www.ipu.org/resources/publications/issue-briefs/2018-10/sexism-harassment-and-violence-against-women-in-parliaments-in-europe>

Norræna ráðherranefndin tók saman skýrsluna *The Angry Internet*: https://cfdp.dk/wp-content/uploads/2020/11/CFDP_the_angry_internet_ISSUE.pdf á árinu 2020 þar sem fjallað er um reiða norræna karlmenn sem hata konur og taka þátt í ýmsum hópum á netinu. Skýrslan sýnir að margir norrænir karlar skrá sig í kvenhaturshópa á netinu. Í skýrslunni er áætlað að allt að 850 notendur á Norðurlöndum hafi framleitt kvenhatursefni á undanfögnu ári. Og enn fleiri lesa það.

Mikilvægar þekkingarstofnanir:

NIKK: <https://nikk.no/>

Norræna upplýsingamiðstöðin um kynjafræði er samstarfsvettvangur á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. NIKK safnar og miðlar þekkingu um stefnur og framkvæmd, fróðleik og rannsóknir á sviði jafnréttismála og málefna hinsegin fólks frá norrænu sjónarhorni.

CfDP: <https://cfdp.dk/>

Center for Digital Pædagogik er ein helsta stofnun Danmerkur á sviði netræðgjafar og stafrænnar líðanar ungs fólks. Í meira en fimmtán ár hefur miðstöðin unnið að því að bæta líðan barna og ungmenna á tímum stafrænna samfélagsmiðla.

NORDREF: <https://www.nordref.org/>

Nordic Digital Rights and Equality Foundation. Markmið félagsins er að efla jafnrétti og lýðræði á Norðurlöndum með því að þróa, miðla og dreifa þekkingu um stafræn



réttindi og ábyrgð, jafnframt að gera fólki kleift að taka þátt í samtali og öðrum aðgerðum á netinu.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin lítur mjög alvarlegum augum á stafrænt ofbeldi og hótanir sem þrengja að og í versta falli ritskoða lýðræðisumræðu hvort sem er á netinu eða í raunheimi.

Nefndin er sammála um að aukið norrænt samstarf á þessu sviði muni skila norrænni nytsemi svo um munar í aðgerðum gegn athöfnum og leitni sem ógna tjáningarfrelsi og lýðræðisumræðu á Norðurlöndum.

Hvort sem um er að ræða einkasamtöl einstaklinga eða opinberan samfélagsvettvang ber að sporna gegn og binda enda á allar athafnir og leitnir sem þrengja að málfrelsi einstaklinga eða hópa.

Stafrænt ofbeldi og hótanir setja mark sitt á samfélagið í heild sinni og grefur undan lýðræðinu. Hótanir, hatursorðræða og almenn og öflug pólamyndun á netvöngum leiða til þess að einkum konur, minnihlutahópar, þjóðkjörnir fulltrúar og aðrir opinberir einstaklingar verða fyrir áreitni, hótunum og þöggunartilburðum.

Til að bregðast við þeirri lögleysu sem ríkir í netheiminum telur nefndin að safna eigi þekkingu og reynslu hvaðanæva af Norðurlöndum og samhæfa í samnorrænar aðgerðir. Nefndin samþykkir einróma tilmælin til Norrænu ráðherranefndarinnar um að samin verði samnorræn stefna um að sporna við stafrænu ofbeldi og hótunum.

Við gerð samnorrænnar stefnu um að sporna við stafrænu ofbeldi og hótunum ber einnig að taka mið af eftirfarandi spurningum og hugleiðingum:

- Er hægt að koma á fót miðlægri stofnun á Norðurlöndum, til dæmis samnorrænni ráðgjafarnefnd, þekkingar- og hugmyndaveitu, sem gæti lagt fram tillögur til landbundinna, norrænna, evrópskra og alþjóðlegra aðila um aðgerðir gegn stafrænu ofbeldi og hótunum?
- Hvernig getum við nýtt okkur bestu starfsvenjur Norðurlandanna enn betur til þess að fleiri geti notið góðs af þeirri þekkingu og reynslu sem er fyrir hendi?
- Hvaða tækifæri hafa Norðurlöndin til að taka höndum saman um að skylda netþjónustufyrirtæki sem eiga netvanga, tæknifyrirtækin, til að axla meiri ábyrgð á því að koma í veg fyrir ofbeldi, hótanir og glæpi á netinu og aðstoða við rannsókn á frömdum glæpum?

Tillögu nefndarinnar ber að skoða með hliðsjón af fimmta sjálfbærnimarkmiðs Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um jafnrétti kynja og sextánda markmiðsins um frið, réttlæti og sterkar stofnanir.



Kaupmannahöfn 2. nóvember 2021

Aksel V. Johannesen (Jvfl.)

Alexander Grandt (S)

Anders Adlercreutz (sv)

Cecilie Tenfjord-Toftby (M)

Erling Bonnesen (V)

Eva Lindh (S)

Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)

Heli Järvinen (grænum)

Kaisa Juuso (saf)

Kathy Lie (SV)

Kim Berg (sd)

Per-Arne Håkansson (S)

Tobias Drevland Lund (R)